

FRÁ SÝNINGUNNI FERÐAFUÐU
Sýningunni lýkur á Kjarvalsstöðum um helgina, eftir rúmlega tveggja ára ferðalag um landið.

Ferðafuða kveður

Nú um helgina lýkur tveimur sýningum á Kjarvalsstöðum. Annars vegar er um að ræða afmælissýningu Kjarvalsstaða, þar sem stiklað er á stóru í 30 ára sögu sýningarhalds á Kjarvalsstöðum. Meðal annars er þar fjallað um deilur sem komið hafa upp um rekstur, stjórnun og sýningarstefnu safnsins.

Hin sýningin er farandsýningin Ferðafuða, sem hófst í Slunkaríki á Ísafirði haustið 2001 og hefur síðan ferðast hringinn í kringum landið með viðkomu á Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum. Hringferðinni lýkur nú á Kjarvalsstöðum, sem er fimmti viðkomustaðurinn.

Ferðafuða þýðir hringja eða sylgja, eða það sem lokar hringnum, og var þetta orð valið sem yfirskrift sýningarinnar þar sem það felur í sér þetta ferðalag hringinn í kringum landið.

Á hverjum stað hafa fleiri listamenn bæst í hópinn, og á Kjarvalsstöðum eru þátttakendur í sýningunni orðnir á annað hundrað talsins. Allir listamennirnir sýna þar míníatúra, smámuni af ýmsu tagi. ■

☐ **Sigga Beinteins, Grétar Örvars & Co** skemmta á **Players** í Kópavogi.

☐ **Sólarkaffi Ísfirðinga** verður í súlnasal **Hótel Sögu**. Ýmislegt verður til skemmtunar, m.a. hljómsveitirnar Heiðursmenn og Kolbrún, Hljómsveit Rúnars Þórs og South river band.

☐ **Baddi Rugl** verður með dans-partí-djamm í **Leikhúskjallaranum**.

☐ **Sváfnir Sigurðsson** spilar á **Catalinu**. Aðgangur ókeypis.

☐ **DJ Þröstur 3000** verður í feikna fjöri á **Sólon** og spilar músik langt fram eftir nóttu.

☐ **Spilafíklarnir** á **Dubliner**.

☐ **Þór Bæring** á **Glaumbar**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

ráðsson heldur upp fjörinu á **Krúsinni** Ísafirði. Frítt inn.

☐ 23.59 **Gullfoss og Geysir** sjá um stuðið á **Vegamótum** í kvöld.

☐ 23.59 **Substance kvöld** á **Dátanum**, Akureyri. Framsæknu plötuspilararnir **DJ Rikki** og **DJ Skari** spila eitraða hústóna fram eftir kvöldi. Frítt inn.

☐ **DJ Benni** á **Hverfisbarnum**.

☐ Síkáta stuðhljómsveitin „**Íslands eina von**", með **Eyjólf Kristjánsson** í broddi fylkingar, leikur á **Græna hattinum** á Akureyri.

☐ **Atli skemmtanalögga** á **Felix**.

☐ **breakbeat.is** gerir endanlega upp árið 2003 með birtingu **árslista** á útvarpsstöðinni X-inu og skemmtistaðnum **Kapital**.

☐ Hin ástsæla gleðisveit **Gilitrutt** leikur á **Kaffi Krók** á Sauðarkróki.

☐ Hljómsveitin **3-some** spilar á **Celtic Cross**.

Best í leikhúsinu



HÖRÐUR ÁSKELSSON

Eiginlega þykir mér ekkert jafn skemmtilegt og áhugavert og leikhús," segir Hörður Áskelsson, organisti í Hallgrímskirkju. „Samt fer ég ótrúlega sjaldan í leikhús, en nýlega sá ég samt Sporvagninn Girnd í Borgarleikhúsinu og það er alveg hreint frábær sýning. Maður fer að vísu ekkert kátur heim. Maður fer upphristur. Þetta er bæði mjög umhugsunarvert inntak og ég á varla til nógu sterk orð til að dást að leikurunum."



